



## Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 22. mars 2022 kl. 20:30 – 21:30 á Teams

### Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri og staðgengill safnstjóra og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir verkefnastjóri.

### Dagskrá

- 1) Starfsmannamál og fjárhagsáætlun ársins
  - a) Drög að ársreikningi lögð fram. Endurskoðun hefur ekki farið fram og JB falið að vinna áfram að gerð ársreikning svo hægt verði að leggja hann fram til samþykktar á vordögum
  - b) ZA hefur komi til starfa á ný, hann óskað eftir því að starfa sem safnvörður við komu sína til starfa á ný og er verið að ganga frá nýjum samning við hann sem safnvörð. Einnig stendur til að ráða KRP áfram að samningi loknum í byrjun maí.
  - c) Launaáætlun ársins 2022, fjárstreymis yfirlit, uppfærð fjárhagsáætlun og grunnur að starfslýsingum starfsmanna lögð fram til kynningar og umræðu.
  - d) JB og EHSP leggja fram tillögu um að þær sinni saman starfi safnstjóra til eins árs frá og með 1. apríl 2022. Tillaga samþykkt samhljóða.
- 2) Samþykkt til að kaupa nýja lyftara og selja þann sem keyptur var á síðasta ári.
- 3) Laun stjórnarmanna – tillaga að greiðslu launa. Samþykkt að greiða stjórn laun á 3 mánaða fresti.
- 4) Næsti fundur verður 15. mars kl. 20 á Teams.